

# Reglur um styrki til framleiðslu og útgáfu kynningarefnis

## 1 Markmið

Hlutverk VIRK er að móta, samþætta og hafa eftirlit með þjónustu á sviði starfsendurhæfingar sem miðar markvisst að atvinnuþátttöku einstaklinga í kjölfar veikinda eða slysa. VIRK starfar samkvæmt lögum nr. 60/2012 um atvinnutengda starfsendurhæfingu og starfsemi starfsendurhæfingarsjóða.

Þá er það hlutverk VIRK að styrkja og stuðla að rannsóknum á sviði starfsendurhæfingar. Jafnframt leitast VIRK við að auka vitundarvakningu í samfélaginu á málefnum er tengjast atvinnutengdri starfsendurhæfingu, forvörnum og aukinni þátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu í atvinnulífinu.

Ein leið til slíkrar vitundarvakningar er þátttaka í framleiðslu kynningarefnis sem samræmist áherslum og faglegum kröfum VIRK.

Reglur þessar taka til þátttöku VIRK í kostnaði við framleiðslu kynningarefnis í formi kvikmynda og sjónvarpsþátta, útvarpsþátta, hlaðvarpa eða á bóka og blaða formi.

## 2 Fjárhæðir

Heildarfjárhæð til styrkveitinga er ákveðin árlega af stjórn sjóðsins.

## 3 Umsókn – ákvörðun

Framkvæmdastjórn VIRK tekur ákvörðun um það hvort VIRK tekur þátt í framleiðslukostnaði kynningarefnis.

Skila þarf inn formlegri beiðni til VIRK um styrk til framleiðslu eða útgáfu. Aðeins eru teknar til umfjöllunar beiðnir sem samræmast áherslum og faglegum kröfum VIRK og sem uppfylla skilyrði reglna þessara.

Í formlegri beiðni til VIRK um þátttöku í framleiðslu kynningarefnis skal eftirfarandi koma fram:

- Greinargerð sem sýni fram á hvernig verkefnið samræmist áherslum og faglegum kröfum VIRK, greini frá mögulegum samstarfsaðilum og hver aðkoma VIRK að framleiðslu kynningarefnisins eigi að vera.
- Fjárhagsáætlun sem sýni fram á heildarfjármögnun verkefnisins.
- Verkáætlun og tímaáætlun þar sem gert er ráð fyrir að VIRK verði gerð grein fyrir því þegar ákveðnum áföngum verksins er náð, eftir því sem verkinu vindur fram.

## 4 Verklag

Vinna og skipulagning kynningarverkefnisins er alfarið á ábyrgð framleiðanda þess.

Hvert kynningarverkefni hefur skilgreindan tengilið hjá VIRK sem framleiðandi skal halda upplýstum um framvindu verkefnisins.

Nýting á merki VIRK og hvernig það er gert sýnilegt í kynningarverkefninu er háð samþykki VIRK.

Ef kynningarverkefnið felur í sér aðkomu einstaklinga sem hafa verið í þjónustu eða eru í þjónustu VIRK þá hefur VIRK milligöngu þar um.

VIRK getur sett skilyrði um að endanleg framsetning verkefnisins eða afurð þess skuli háð samþykki VIRK.

VIRK getur farið fram á það að gerður verði formlegur samningur um verkefnið.

## 5 Greiðsla

VIRK greiðir framleiðanda kynningarefnis út í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun og verk- og tímaáætlun verkefnisins.

Framleiðandi kynningarefnisins skal skila reglulega framvinduskýrslum til VIRK ef þess er krafist. Ef sýnt þykir að verkefninu eða einstökum þáttum þess ljúki ekki í samræmi við framlagða verk- og tímaáætlun skal framleiðandinn gera VIRK grein fyrir ástæðum þess.

Í þeim tilfellum er VIRK heimilt að stöðva greiðslur til framleiðenda. Verði ekki af verkefninu eða ef því lýkur ekki innan þess tíma sem gert er ráð fyrir er VIRK einnig heimilt að fara fram á að endurgreiðslu á framlögðum kostnaði VIRK vegna kynningarverkefnisins.

*Samþykkt af stjórn VIRK 4. febrúar 2020.*